

Námsáætlun í íslensku hjá 8. bekk

Tímabil: Haustönn 2016

5 kennslustundir á viku

Kennari: Berglind Hauksdóttir

Markmið

Að nemendur:

Framsögn og hlustun

- þjálfist í að taka þátt í hópumræðum.
- geti kynnt vinnu sína fyrir bekkjarfélögum.
- geti endursagt efni sem þeir hafi hlustað eða horft á.
- þjálfist í að flytja undirbúna eigin frásagnir.
- taki þátt í leikrænni tjáningu og leikjum þar sem reynir á meðferð talaðs máls eða hreyfinga
- temji sér að flytja mál sitt skýrt og áheyrilega við ýmis tækifæri.
- þjálfist í að syngja ýmsa algenga söngva og dægurlög og taki þátt í fjöldasöng.
- þjálfist í virkri hlustun þegar samnemendur flytja erindi.

Lestur og bókmenntir

- þjálfist í að lesa ólíkan texta og vinni með hann á ólíkan hátt.
- styrki orðaforða sinn.
- þjálfist í að beita nákvæmnislestri og leitarlestri.

- geti greint aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta.
- geti aflað sér upplýsinga úr heimildum (prentuðum sem og á netinu).
- geti lesið úr myndrænum upplýsingum.
- þjálfist í að velja sér bækur af skólasafni til að lesa sér til ánægju og upplýsingaröflunar og hvattir til að nýta sér almenningssöfn.
- ræði og skrifi um bókmenntaverk sem þeir hafa hlustað á og/eða lesið.
- þekki hugtökin persónusköpun/söguhetja, upphaf, atburðarás, endir og sögusvið.
- geri sér grein fyrir mikilvægi tungumálsins í sögu þjóðarinnar.
- þekki til bóka sem skrifaðar hafa verið með börn og unglunga í huga.
- kynnist ólíkum tegundum ljóða.
- þekki hugtakið persónugerving.

Ritun

- þekki hugtökin upphaf, atburðarás og endir.
- semji stuttar sögur og ljóð.
- geti skrifað viðtal.
- geti skrifað stutta útdrætti úr lesnu efni.
- geti skráð lengri frásagnir um atburði úr eigin lífi eða texta sem reynir á sköpun.
- skrifi bréf eða fyrirspurn.
- þjálfist í að nýta sér orðabækur og önnur hjálpargögn við ritun.
- læri nokkrar stafsetningarreglur.

Málfræði

- þekki orðflokkana nafnorð og sagnorð
- geri sér grein fyrir mun á eintölu og fleirtölu nafnorða.
- átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna.
- þekki mun á samnöfnum og sérnöfnum og geti nýtt sér þekkinguna við stafsetningu.
- þekki kyn nafnorða og geti nýtt þá þekkingu við stafsetningu.
- þekki að persónufornöfnin eru til í 1., 2. og 3. persónu.

- geri sér grein fyrir samsetningu orða og þjálfist í orðmyndun.
- þekki hlutverk samtenginga.
- þekki nokkrar skammstafanir.
- leiki sér með orðtök og málshætti.
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, orðaleikjum og nýyrðasmíð.
- skilji að tungumál eru flókin kerfi sem urðu til að einfaldan hátt.

Inntak

Tungumálið, fjölbeytileiki, ljóð, nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, ritun, bókmenntir, lestur, lestraraðferðir.

Námsefni

- Málrækt 3
- Orðspor 1 – lesbók og vinnubók
- Kjörbók að eigin vali
- Benjamín dúfa
- Kveikjur – lesbók og vinnubók (valdir kaflar)

Kennsluaðferðir og skipulag

Nemendur vinna eftir áætlun, áhersla er lögð á sjálfstæði og að nemendur tileinki sér vönduð og öguð vinnubrögð. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega, í pörum eða hópum. Í upphafi hvers viðfangsefnis fer kennari yfir efnið, hvetur til umræðu og skoðar dæmi og ítarefni. Lögð eru fyrir fjölbreytt verkefni, ýmist vinnubókarverkefni eða flóknari og lengri verkefni frá kennara.

Námsmat

Bókmenntaverkefni 10%

Verkefni úr Orðspor 5%

Próf 20%

Próf 20%

Verkefni – Þjóðsöngur 5%

Jólapróf 30%

Ástundun 10%

Tímabil	Námsefni	Viðfangsefni	Kennsluaðferðir, vinnubrögð
24. – 26. ágúst			Útivistarnámskeið og gönguferðir.
29. ágúst – 2. september	Orðspor 1, lesbók bls. 6-19. Vinnubók (bls. 6-21), verkefni: 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 og 8. Fallorð bls. 1, 2 og 3.	Setningar, samtengingar. Hvað er tungumál? Tungumál heimsins. Stafrófið, sérhljóðar, samhljóðar. Greinir – viðskeyttur og laus.	Töflukennsla, innlögn og umræður
5. – 9. september	Orðspor 1, lesbók bls. 6-19. Vinnubók (bls. 6-21), verkefni: 9, 10, 11, 12, 13, 16, 17, 18, 19, 20, 21 og 22. Fallorð bls. 4, 5, 6 og 7.	Hvað er tungumál? Tungumál heimsins. Stafrófið, sérhljóðar, samhljóðar, merking orða, málsgreinar, efnisgreinar, samheiti, andheiti og greinarmerki. Nafnorð, sérnöfn, samnöfn, stór, lítill stafur, kyn nafnorða, eintala og fleirtala.	
12. – 16. september	Orðspor 1, lesbók bls. 6-19. Vinnubók (bls. 6-21), verkefni: 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 32 og 33. Fallorð bls. 8, 9, 10 og 11.	Samsett orð, stór og lítill stafur, bein og óbein ræða og skipti á milli lína. Kyn og fallbeyging nafnorða.	16. starfsdagur
19. – 23. september	Samræmd próf. Fallorð bls. 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18 og 19. Próf úr Fallorðum 20%	Kenniföll, veik og sterk beyging, stofn nafnorða, hljóðbreytingar.	22.-23. samræmd próf 7. bekkur
26. – 30. september	Orðspor 1, lesbók bls. 22-23 og 24-39. Vinnubók (bls. 22-37), verkefni: 1(saman), 2, 3, 4 og 5. Fallorð bls. 20, 21, 22, 23 og 24.	Aðalatriði, aukaatriði, endursögn og glósutækni. Lýsingarorð (kyn, tala, fallbeyging og stigbreyting).	
3. – 7. október	Orðspor 1, lesbók bls. 22-23 og 24-39. Vinnubók (bls. 22-37), verkefni: 6, 7, 8 og 9. Verkefnið „Ég mæli með“ bls. 34-37 – fylla út og kynna. Fallorð bls. 25, 26, 27, 28 og 29.	Lestur, bókmenntir, viðtal og lýsingarorð (sterk og veik beyging, stofn og stig).	5. íþróttadagur – miðstig
10. – 14. október	Orðspor 1, lesbók bls. 52-67 og 68-69. Vinnubók (bls. 46-65), verkefni: 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12 og 15.	Lestur, persónusköpun, sögusvið, persónufornöfn.	

	Fallorð bls. 30, 31 og 32.		
17 – 21. október	Kynning á bókmenntaverkefni 10%. Orðspor 1, lesbók bls. 52-67 og 68-69. Vinnubók (bls. 46-65), verkefni: 17, 18, 19, 20, 21, 22 og 23. Fallorð bls. 33 og 34.	Nafnorð (hlutstæð og óhlutstæð), sérnöfn, samnöfn. Eignarfornöfn og ábendingarfornöfn.	21. Haustfrí
24. – 28. október	Orðspor 1, lesbók bls. 52-67 og 68-69. Vinnubók (bls. 46-65), verkefni: 24, 25, 26, 27, 28, 29-33 (ef tími gefst til), 34, 35, 36-37 (skila á sér blaði) gildir 5% Fallorð bls. 35, 36, 37 og 38.	Kyn nafnorða, uppbygging texta, ritun. Spurngarfornöfn, afturbeygð fornöfn, óákveðin fornöfn.	24. Haustfrí
31. október – 4. nóvember	Orðspor 1, lesbók bls. 72-79. Vinnubók (bls. 46-65), verkefni: 1, 2, 3, 4, 5 og 6. Fallorð bls. 39 og 40. Próf úr Fallorðum 20%	Leiðbeiningar, fyrirmæli, fornöfn.	
7. – 11. nóvember	Orðspor 1, lesbók bls. 72-79. Vinnubók (bls. 46-65), verkefni: 7, 9, 10, 11, 12, 13 og 14. Fallorð bls. 41 og 42.	Sagnorð, boðháttur, skammstafanir, ng og nk reglan. Töluorð.	
14. – 18. nóvember	Orðspor 1, lesbók bls. 84-93. Vinnubók (bls. 76-91), verkefni: 1, 2, 3, 4, 5, 6 (saman), 7 a, b, c, d, e og f. Fallorð bls. 43, 44 og 45.	Ljóð, rím, persónugerving, ólíkar gerðir ljóða, sagnorð,	Starfsdagur
21. – 25. nóvember	Orðspor 1, lesbók bls. 84-93. Vinnubók (bls. 76-91), verkefni: 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14 og 15. Læra þjóðsönginn. Fallorð bls. 46, 47, 48 og 49.	Ljóðlína, persónugerving.	
28. nóvember – 2. desember	Orðspor 1, lesbók bls. 84-93. Vinnubók (bls. 76-91), verkefni: 16 a, b og c, 17, 18 (saman), 19, 20 og 21. Allir vera búnir að læra þjóðsögninn. Skrifa upp og myndskreyta, skila – gildir 5%	Persónugerving, einfaldur og tvöfaldur samhljóði, orðatiltæki.	

5. – 9. desember	Undirbúningur fyrir jólapróf – jólapróf 30%		
12. – 16. desember			
19. – 20. desember	Jólastúss.		